

**66. þing
Sundsambands Íslands
Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
29. mars 2025**

Þingskjal nr: 2025 – 13b

66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. mars 2025

Samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum SSÍ. (*Breytingar eru í rauðu*) Jafnframt verða allar breytingar í reglugerðum tengdum þessari lagabreytingu tekin út úr reglugerðum.

Gildandi	Tillaga	Ástæða
5. grein Sundþing fer með æðsta vald í málum SSÍ. Sundþing sitja fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga ásamt fulltrúum félaga sem eiga aðild að SSÍ. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag sem á skráða iðkendur við næstu áramót fyrir sundþing, á rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka iðkendur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 iðkendur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda einn fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja 50 keppendur eða brot úr þeirri tölu eftir það. Sundþing skal haldið annað hvert ár, á oddatöluári, jafnan í febrúar eða mars. Stjórn SSÍ boðar og staðfestir staðsetningu og	5. grein Sundþing fer með æðsta vald í málum SSÍ. Sundþing sitja fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga ásamt fulltrúum félaga sem eiga aðild að SSÍ. Hvert héraðssamband/íþróttabandalag má senda einn fulltrúa á sundþing. Hvert félag sem á skráða iðkendur við næstu áramót fyrir sundþing, á rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka iðkendur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 iðkendur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það. Að auki mega félög sem eiga skráða keppendur í sundíþróttum senda einn fulltrúa til viðbótar á sundþing fyrir hverja 50 keppendur eða brot úr þeirri tölu eftir það. Sundþing skal haldið annað hvert ár, á oddatöluári, jafnan í febrúar eða mars fyrir 1. maí. Stjórn SSÍ boðar og staðfestir	Setja tímatakmörk um hvenær Sundþing og formannafundur skulu haldnir í síðasta lagi ár hvert en jafnframt að gefa stjórn svigrúm til að meta m.v. umfang og verkefnastöðu hverju sinni.

66. þing
Sund sambands Íslands
Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
29. mars 2025

Þingskjal nr: 2025 – 13b

fyrirkomulag sundþings með minnst sex vikna fyrirvara. Málefni og tillögur, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu kynnt stjórn SSÍ minnst mánuði fyrir þing. Þá kynnir stjórn SSÍ sambandsaðilum dagskrá og málefni þingsins í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir þingið. Sundþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað. Rafræn boðun er lögmæt ásamt tilkynningu á heimasíðu SSÍ. Ekki er heimilt að stofna til keppni í sundíþróttum þá daga sem sundþing fer fram og þá er óheimilt að halda sundþing á sömu dögum og íþróttþing eða formannafundur ÍSÍ fara fram. Þau ár sem sundþing er ekki haldið boðar stjórn til formannafundar í febrúar. .	staðsetningu og fyrirkomulag sundþings með minnst sex vikna fyrirvara. Málefni og tillögur, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu kynnt stjórn SSÍ minnst mánuði fyrir þing. Þá kynnir stjórn SSÍ sambandsaðilum dagskrá og málefni þingsins í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir þingið. Sundþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað. Rafræn boðun er lögmæt ásamt tilkynningu á heimasíðu SSÍ. Ekki er heimilt að stofna til keppni í sundíþróttum þá daga sem sundþing fer fram og þá er óheimilt að halda sundþing á sömu dögum og íþróttþing eða formannafundur ÍSÍ fara fram. Þau ár sem sundþing er ekki haldið boðar stjórn til formannafundar í febrúar fyrir 1. maí.	
---	---	--